



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi nefndasvið
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 25. janúar 2022.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á hjúskaparlögum, nr. 31/1993, með síðari breytingum (hjónaskilnaðir), þskj. 174, 172. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist framangreint frumvarp til umsagnar. Frumvarpinu er ætlað að auðvelda þolendum í ofbeldissambandi að leita skilnaðar og einnig gera fólki kleift að fá lögskilnað án undanfarandi skilnaðar að borði og sæng, séu hjón sammála um það. Markmið frumvarpsins er því að styrkja stöðu þolenda ofbeldis og tryggja rétt þeirra til slita hjúskapar.

Tekur MRSÍ því fagnandi að stigið sé þetta skref enda gera núgildandi lög gerendum ofbeldis það auðvelt fyrir að halda ofbeldi áfram eftir að skilnaðarferli sé hafð, svo sem með því að draga það á langinn sem getur orðið kostnaðarsamt ásamt því að úrræði sem annars stæði einstæðum foreldrum til boða koma ekki til álita sökum hjúkparstöðu, er þarna átt við úrræði félagsþjónustunnar, hærri barnabætur og fleira.

Þegar grunur leikur á að ofbeldi hafi verið beitt gegn maka eða barni sem býr hjá hjónum þá á þolandinn að fá að njóta vafans. Hvað varðar sönnunarbyrði þá veltir skrifstofan sér fyrir því hvernig sýslumannsembættið ætlar að fara að því að leggja mat á það þegar um andlegt ofbeldi sé að ræða. Í ákvæðinu sjálfu eru talin upp þau gögn sem kunna að sanna ofbeldið svo sem áverkavottorð, útkall og svo framvegis. Þegar um andlegt ofbeldi er að ræða þá er engum slíkum gögnum að tefla, vissulega getur mat sálfræðings legið frammi en það er ekki á færi allra að leita sér slíkrar aðstoðar, því verður eftir sem áður afar erfitt að fá fram lögskilnað án undangengis skilnaðar að borði og sæng þegar um andlegt ofbeldi í hjúskap ræðir. Sýslumannsembættinu er þar með gert að meta gögn og gangast þar í dómarsæti sem skrifstofan leggur spurningarmerki við.

Þá tekur MRSÍ undir með að einstaklingum verði gert auðveldara fyrir að fá lögskilnað, ef samkomulag um skipan forsjár hefur náðst, enda engin ástæða til að tefja það ferli frekar en nauðsyn ber til og eins og réttilega er bent á og ekki í hlutverki hins opinbera að takmarka heimild hjóna til lögskilnaðar ef engir sérstakir hagsmunir eru fyrir hendi sem krefjast þess.

Í heild styttyður MRSÍ frumvarpi og telur það mikilvægt skref í rétta átt. Tekur skrifstofan undir það sem í greinargerð segir.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Virðingarfyllst,

Mannréttindaskrifstofa Íslands